


# BYGGINGARLÝSING

**Húsið** er íbúðar og verslunarhús, kjallari tvær hæðir og ris. 1. hæð er ætluð verslun eða þjónustu, á efri hæðum eru fjórar íbúðir, tvær á hverri hæð. Allar íbúðir hafa sérinngang um eina útitröppu á garðhlið. Þriðja hæð er portbyggð um 0.8 m og með kvistum á austur og vesturhliðum þaks. Þvottaherbergi eru innan íbúða en geymslur í kjallara bæði fyrir íbúðir og þjónusturými. Sólstofa er við suðuríbúð á 2. hæð á þaki útbyggingar 1. hæðar. Yfir henni eru þaksvalir.

**Undirstöður** og gólfplötur hæða eru steinsteyptar. Gólfplata kjallara er steypt þykk (350 mm), járnbent, án einangrunar

**Útveggir** eru steinsteyptir, klæddir með einangrun og báraðri málmklæðningu, ál, á efri hæðum en sléttaðir með svörtum kvarzmúr á 1. hæð. Einangrað er utan á steypta veggi efri hæða með 100 mm steinull (Veggplata). Málmleiðarar fyrir vindklæðningu eru skrúfaðir á vegg með festivinklum. Milli þeirra eru steinullarplötur festar á steinvegg með nælontöppum. Loftbil er milli járns og einangrunar. Allt báruál utan á er dumbrautt, litur = RAL 3003. Á 1. hæð er einangrað innan á útveggi með 100 mm frauðplasti og múrað með 20 mm múr. Kjallari er einangraður utan á.

**Innveggir** eru að hluta steinsteyptir. Aðrir innveggir eru úr 13 mm gifsplötum á blikkstoðum. Þéttiborðar eru milli leiðara við gólf og loft. Fyllt er í grind með þéttull til hljóðeinangrunar og brunavarnar. Veggir milli íbúða skulu standast kröfur um hljóðvist. (55 dB).

**Þak** er hefðbundið timburþak með bröttu risi. Kvistir með steyptum göflum eru í þakflötum beggja vegna til vesturs og austurs. Einangrun þaks er 200 mm þakull og klætt undir sperrur með 13 mm gifsplötum. (Kæðning í fl.1). Ysta þakklæðning er bárujárn með aluzinkhúð, málað dumbrautt í sma lit og veggir, litur RAL 3003.

**Svalir** eru við allar íbúðir á vesturhlið. Handrið svala í 1,2 m hæð er úr galvaniseruðum stálprófílum, ómáluð.

**Sólstofa** er léttbyggð með gluggaprófílum úr tré. Þak er með burðarvirki úr tré. Þaksvalir eru við suðuríbúð á 3. hæð yfir sólstofu 2. hæðar. Timburgólf er í þaksvölum. Þak sólstofu er fulleinangrað og loftað. Klætt er neðan á loftið með efni í flokki 1 (gifs). Handrið á þaksvölum sólstofu er úr galvaniseruðum stálprófílum, gler á milli (sjá snið B-B)

**Útitröppur** eru úr steinsteypu, handrið úr galvaniseruðum stálprófílum, ómáluð.

**Gluggar** eru úr timbri, málaðir gráir. (björgunarop eru í opnanlegum fögum herbergjaglugga). Tvöfalt verksmiðjuframleitt K-gler er í gluggum. Gler glugga á vesturhlið, að Strandgötu, hefur aukið hljóðeinangrunargildi Í gluggum er vegið hljóðeinangrunargildi fyrir lofthljóð, R´w = 35 dB. Notað er tvöfalt einangrunargler með uppbyggingunni 6 mm rúða, 12 mm bil, 4 mm rúða. Þetta gildi fyrir glugga í steinvegg nægir þar sem hljóðvist við útvegg er 66 dB en er hér að öllum líkindum minna.

**Reykskynjarar** og slökkvitæki eru í öllum íbúðum og þjónusturými.

Br. 17.05.2005, skrifstofa, fundarsalir og verslun á 1.h.
Þakskeggi breytt á austuhlið,
byggingarlýsing lagfærð.
Br. 16.02.2005, pallur í stiga upp á 2. h.,Þakgl.,skráningart.
Br. 10.01.2005, Sh.1.hæðar 3,52 m, sund 1,5 m,
sund opnað til suðurs,
hurð í glugga útbyggingar
inntaksklefi færður inn í kjallara
breytt skráningartöflu
Br. 03.09.2004, bil milli íbúðaglugga 60 cm, skráningart.
Br. 18.08.2004, snið í sólstofu, skráningartafla

STRANDGATA 43 HAFNARFIRÐI BL02

ÞRIÐJA HÆÐIN ARKITEKTAR – SIGURÞÓR AÐALSTEINSSON FAÍ
STRANDGÖTU 28 220 HAFNARFIRÐI
SÍMI: 555 46 10 FAX: 565 48 31
KT:250144–3939
NETFANG: si@islandia.is

AÐALTEIKNING
GRUNNM 1. H.,(GÖTUH.),LÓÐ

HANNAÐ: TEIKNAÐ: DAGS: 27.03.2003 MKV: 1:100 VERKNR: